

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds í Blönduóssbæ.

1. gr.

Af köttum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduóssbæ, nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta gjald að upphæð kr. 2.625 ásamt árlegu leyfisgjaldi katta að upphæð 3.000. Leyfisgjaldið er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á kattahaldi innan ársins.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kattar kr. 8.820

Önnur afhending kattar kr. 15.875

Þriðja afhending kattar kr. 24.255

Við afhendingu kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir kr. 19.075

Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár númer 227/2012. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Blönduóssbæjar 11. desember 2012 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 18. desember 2012.

Blönduósi, 7. janúar 2013.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013